

Facebook Technologies
Takmörkuð neytenda ábyrgð

Hver gefur út þessa ábyrgð? Þessi takmarkaða neytenda ábyrgð ("ábyrgðin") er gefin út af Facebook Technologies, LLC, 1601 Willow Road, Menlo Park, CA 94025, Bandaríkjunum ("Facebook Technologies" eða "við").

Hver getur nýtt sér þessa ábyrgð? Facebook Technologies gefur út þessa ábyrgð til þín, sem neytenda sem hefur keypt nýja vöru frá Facebook Technologies eða viðurkenndum dreifingaraðila ("þú"). Þessari ábyrgð er ekki í boði fyrir vörur sem voru keyptar notaðar eða frá öðrum aðilum en Facebook Technologies eða viðurkenndum dreifingaraðila.

Þessi ábyrgð gildir ekki fyrir neytendur sem hafa keypt vöruna í Ástralíu, Kanada, Frakklandi eða Ítalíu. Ef þú keyptir vöruna í einhverju af framangreindum löndum ættir þú að yfirfara þá sérstöku ábyrgðarskilmála sem gilda í landinu þínu og má finna í kassanum utanum vöruna. Skilmálarnir eru einnig aðgengilegir á oculus.com/legal/limited-warranty fyrir Oculus vörur og á portal.facebook.com/warranty fyrir aðrar vörur, eftir því sem við á.

Þessi ábyrgð gildir aðeins í þeim löndum sem Facebook Technologies og þjónustar og sendir vörur sínar til. Frekari upplýsingar um þau lönd sem Facebook Technologies þjónustar má finna á support.oculus.com fyrir Oculus vörur og portal.facebook.com/support fyrir aðrar vörur.

Hvað gerir þessi ábyrgð? Þessi ábyrgð veitir þér tiltekin réttindi, þú gætir einnig átt önnur réttindi, eftir því hvaða fylki eða landi þú ert búsettur í. *Þessari ábyrgð er ætlað að gilda samhliða lögum um neytendakaup og hefur því ekki áhrif á lagalegan rétt þinn* á grundvelli laga um neytendakaup (þ.m.t. ef við á, en ekki einvörðungu, innlend lög sem innleiða reglugerð 44/99/EC).

Hvað fellur undir þessa ábyrgð? Þessi ábyrgð nær til annmarka og bilana í nýjum Facebook Technologies vörum sem fylgja með ábyrgðinni ("varan"). Við ábyrgjumst að varan muni, með eðlilegri og áætlaðri notkun, virka að mestu leiti í samræmi við útgefnar tæknilegar upplýsingar eða meðfylgjandi vörulýsingu ("virknin") út ábyrgðartímabilið. Ef, og upp að því marki, sem varan þarfnast hugbúnaðar eða þjónustu frá Facebook Technologies til að ná virkninni, þá munum við framleiða hugbúnað og gera hann ásamt nauðsynlegri þjónustu aðgengilegan út ábyrgðartímabilið. Við getum einhliða uppfært, breytt eða takmarkað slíkan hugbúnað og þjónustu svo lengi sem við viðhöldum (eða bætum) virkninni.

EKKI er þörf að skrá vöruna til að ábyrgðin taki gildi, þó gæti verið nauðsynlegt að tengja sumar Facebook Technologies vörur við internetið til að tryggja fulla virkni.

Hversu lengi gildir ábyrgðin? Þessi takmarkaða ábyrgð gildir í eitt (1) ár frá kaupum á vörunni eða frá því hún var send, hvort sem er lengra ("ábyrgðartímabilið"). Hins vegar, ef varan er keypt innan Evrópska efnahagsvæðisins (EES) þá skal ábyrgðartímabilið vera tvö (2) ár.

Hvað mun Facebook Technologies gera ef það er vandamál með vöruna? Ef varan þín er háð annmörkum eða bilar, þá munum við annað hvort laga vöruna eða skipta henni út, eða uppfæra hugbúnaðinn eða þjónustuna, svo að varan virki að mestu leiti í samræmi við virknina. Oculus ákveður einhliða hvaða leið verður valin til að leysa úr vandamálinu. Ef við ákveðum að vörunni verði skipt út, þá gæti hin nýja vara verið glæný eða endurnýjuð/endurframleidd. Við getum ákveðið einhliða, að engin af framangreindum aðferðum sé raunhæf til að leysa úr vandamálinu, annmarkanum eða biluninni, þá getum við endurgreitt þér kaupverð vörunnar.

Hvernig færðu þjónustu? Til að byrja með, þá þarftu að segja okkur frá málinu. Ef það eru einhver vandamál með vörunna, vinsamlegast farið á [support.Oculus.com](https://support.oculus.com) fyrir Oculus vörur og portal.facebook.com/support fyrir aðrar vörur, til að fá aðstoð og frekari upplýsingar, þar er einnig hægt að senda inn beiðni um þjónustu vegna ábyrgðarinnar.

Ef þú þarft að senda vörunna til okkar til viðgerðar, þá munum við veita þér fyrir fram merktan póstmíða, og þú þarft að senda vöruna til okkar með þessum póstmíða ásamt sönnun fyrir kaupum á vörunni. Sönnun á kaupum á vörunni kunna að vera óþörf ef þú getur staðfest kaupin með öðrum hætti fyrir fram.

Þú gætir þurft að greiða sendingarkostnaðinn við að senda vörunna til okkar, og með því að senda vörunna til okkar þá samþykkir þú að framselja eignaréttinn á vörunni yfir til Facebook Technologies. Þegar við móttökum vöruna, þá munum við ákveða hvort hún sé háð einhverjum annmörkum eða hvort hún sé biluð á þann veg að ábyrgðin nái til annmarkans eða bilunarinnar. Ef við finnum annmarka eða bilun sem ábyrgðin nær til, þá munum við laga eða skipta vörunni út til að ná fram virkninni og við munum senda lagfærða vöru eða nýja vöru til þín, á okkar kostnað. Mögulega munum við ekki skila til þín upprunalegu vörunni. Við getum ekki ábyrgst að við getum lagfært vöruna án þess að eiga hættu á því að forrit eða gögn tapist eða að ný vara muni innihalda gögnin þín sem voru geymd á upprunalegu vörunni. Ábyrgðin mun gilda áfram fyrir hinar lagfærðu eða nýju vörur út ábyrgðartímabilið eða í níutíu (90) daga frá móttöku hinnar lagfærðu eða nýju vöru, hvort sem er lengra.

Ef þú hefur ekki staðfest kaupin fyrir fram og þú sendir vöruna til okkar án sönnunar fyrir kaupum, þá áskiljum við okkur þann rétt til að endursenda vörunna til þín á þinn kostnað, þú þarft að greiða fyrir sendinguna fyrir fram, eða ef kostnaðurinn er ekki greiddur fyrir fram, þá munum við halda vörunni í þrjátíu (30) daga svo þú getir sótt hana áður en henni er fargað.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð? Þessi ábyrgð er takmörkuð og gildir ekki um: (i) eðlilegt slit; (ii) tjón vegna misbeitingar, slysa (t.d. högg á tækið að slysi, váhrif við vökva, matvöru eða önnur mengunarefni o.s.frv.), vanrækslu, misnotkunar, ófullnægjandi eða óviðurkenndra viðgerða eða annara lagfæringa, fikt, eða notkunar með óviðeigandi búnaði, tækjum, hugbúnaði, þjónustu eða öðrum óviðurkenndum hlutum frá þriðja aðila; (iii) notkun er ekki í samræmi við vörulýsingu; (iv) notkun í viðskiptalegum tilgangi; (v) notkun í tengslum við verslun, fyrirtæki eða starf; (vi) notuð eða endurseld vara; (vii) vara keypt frá öðrum aðila en Facebook Technologies eða viðurkenndum dreifingaraðila (þ.m.t. óviðurkennd netsala), (viii) vörur sem eru ekki frá Facebook Technologies; (ix) notkun á vörunni er brotleg við lög, reglur eða venjur þar sem varan er notuð; eða (x) eiginleikar eða atriði sem tengjast hugbúnaði eða þjónustu ganga lengra en virkni vörunnar.

Í ábyrgðinni felast ekki nein loforð um að varan verði villulaus, eða um nýtanlegan tíma eða áframhaldandi aðgengi, gagnaoýggi hugbúnaðar eða netaðganga, eða að hugbúnaður, fastbúnaður eða netsíður muni virka ótruflað eða villulaust. Þessi takmarkaða ábyrgð er ógild ef vörunni er skilað með engum eða skemmdum merkimiða, eða ef búið er að eiga við miðann, (þ.m.t. ef einhver hluti vörunnar eða ytri hlíf vörunnar hefur verið fjarlægð í leyfisleysi).

Þessi ábyrgð nær ekki til tapaðra gagna; það er á ábyrgð þinni að taka reglulega endurrit af gögnum, annað hvort á stafrænum eða ápreifanlegum miðli, ef þú vilt halda í gögnin þín. Allt tjón eða kostnaður vegna endurheimt gagna, eyðingu og uppsetningu fellur utan gildissviðs þessarar ábyrgðar.

Á grundvelli þessarar ábyrgðar og í tengslum við vörunna eða tengdan hugbúnað eða netþjónustu mun Facebook Technologies ekki framlengja neina óbeina eða lögbundna ábyrgð, skilyrði eða forsendur.

FACEBOOK TECHNOLOGIES ÁBYRGIST EKKI, Á GRUNDEVLLI ÞESSARAR ÁBYRGÐAR, SÉRSTAKT, ÓBEINT, TILFALLANDI, MISKA-, AFLEITT EÐA HVERSKONAR TJÓN Þ.M.T. EN EKKI EINGÖNGU TEKJU- EÐA REKSTRAR TAP, TAP Á GÖGNUM, AFNOTARMISSI Á TÆKINU EÐA FYLGIBÚNAI, KOSTNAÐ VEGNA SKIPTI Á VÖRU EÐA STAÐGÖNGUVÖRU, EÐA AFNOTARMISSI Á MEÐAN VÖRUNNI ER SKIPT ÚT EÐA HÚN ER Í VIÐGERÐ. JAFNFRAMT, MUN FACEBOOK TECHNOLOGIES ALDREI BERA ÁBYRGÐ Á HVERSKONAR SÉRSTÖKU, ÓBEINU, TILFALLANDI, MISKA- EÐA AFLEIDDU TJÓNI, JAFNVEL ÞÓ FACEBOOK TECHNOLOGIES HAFI VERIÐ KUNNUGT UM ÁHÆTTUNA AF SLÍKU SLÍKU TJÓNI, EÐA NEINNI KRÖFU SEM Á RÆTUR AÐ REKJA TIL ÞESSARAR ÁBYRGÐARSKILMÁLA, ÓHAÐ FORMI KRÖFUNNAR, HVORT SEM UM ER AÐ RÆÐA SKAÐABÓTAKRÖFU INNAN SAMNINGA EÐA UTAN SAMNINGA (Þ.M.T. VEGNA VANRÆKSLU), SKAÐSEMISÁBYRGÐ EÐA Á ÖÐRUM ÓNEFNDUM GRUNDEVLLI.

ÁBYRGÐ FACEBOOK TECHNOLOGIES VEGNA KRÖFU, SEM Á RÆTUR AÐ REKJA TIL ÞESSARAR ÁBYRGÐAR EÐA TENGIST ÞESSARI ÁBYRGÐ, SKAL ALDREI VERA HÆRRI EN SÚ UPHHÆÐ SEM ÞÚ GREIDDIR FYRIR VÖRUNA, ÓHAÐ FORMI KRÖFUNNAR, HVORT SEM UM ER AÐ RÆÐA

SKAÐABÓTAKRÖFU INNAN SAMNINGA EÐA UTAN SAMNINGA (Þ.M.T. VEGNA VANRÆKSLU), SKAÐSEMISÁBYRGÐ EÐA KRÖFU Á ÖÐRUM ÓNEFNDUM GRUNDELLI.

Í sumum fylkjum og löndum er óheimilt að semja sig frá eða takmarka ábyrgð á tilfallandi eða afleiddu tjóni, svo slík ákvæði gætu mögulega ekki átt við þig.

Hvaða lög gilda um þessa ábyrgð? Lög Kaliforníu fylkis í Bandaríkjunum, gilda um þessa ábyrgð. Dómstólar sumra landa kunn að ákveða að beita ekki lögum Kaliforníu fylkis vegna tiltekinna ágreiningsefna. Ef þú ert búsettur í slíku landi þá munu lög landsins þíns gilda um slík ágreiningsefni.

Spurningar? Ef þú hefur einhverjar spurningar, eða vilt byrja á þjónustuferlinu, þá skaltu skoða support.oculus.com fyrir Oculus vörur og portal.facebook.com/support fyrir aðrar vörur.